

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2018

2021/EES/13/08

frá 6. júlí 2018

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/327 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuruakefni fyrir vatnakarpa (leyfishafi er Huvepharma NV) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/328 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Adisseo France SAS) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/346 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 256. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/183) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „257. **2018 R 0327:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/327 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma citrinoviride* Bisset (IMI SD135), sem fóðuruakefni fyrir vatnakarpa (leyfishafi er Huvepharma NV) (Stjtið. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 7).
258. **2018 R 0328:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/328 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 29784 sem fóðuruakefni fyrir eldiskjúklinga og kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Adisseo France SAS) (Stjtið. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 10).
259. **2018 R 0346:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/346 frá 5. mars 2018 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NRRL B-50733 sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 18).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 7.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 10.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 18.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/327, (ESB) 2018/328 og (ESB) 2018/346, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 7. júlí 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 6. júlí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.